



Stjórn VÍS

STJÓRN

Þórólfur Gíslason, formaður

Eiríkur Tómasson

Guðsteinn Einarsson

Ólafur Ólafsson

Helgi Jóhannesson

Óskar H. Gunnarsson

Sigurður Markússon

VARASTJÓRN

Gísli Jónatansson

Guðjón Stefánsson

Ingólfur Ásgrímsson,

Jón Eðvald Friðriksson

Jón Þór Hjaltason

Jón Sigurðsson

ENDURSKOÐENDUR

KPMG Endurskoðun hf.

FORSTJÓRI

Finnur Ingólfsson

FRAMKVÆMDASTJÓRAR

Benedikt Sigurðsson, Fjármálasvið

Eggert Á. Sverrisson, Einstaklingstryggingasvið

Pétur Már Jónsson, Atvinnutryggingasvið

Sigurbjörn Gunnarsson, Líftryggingaþjónusta

Ólafur Jónsson, Upplýsingatæknisvið



TÍMAMÓTAÁR

Síðastliðið ár markaði ákveðin tímamót í sögu Vátryggingafélags Íslands hf. Í júlí var félagið skráð á Tilboðsmarkaði Kauphallar Íslands og á þessu ári er stefnt að skráningu félagsins á Aðallistann. Breyting varð á eignarhaldi í VÍS því að í september seldi Landsbanki Íslands hf. hlut sinn og nýir hluthafar komu að félaginu. VÍS tók þátt í því ásamt fleiri fjárfestum, bæði innlendum og erlendum að kaupa stóran hlut í Búnaðarbanka Íslands hf., sem ríkið bauð til sölu á síðari hluta ársins 2002, en sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að selja eignarhlut sinn í Búnaðarbankanum er ein stærsta aðgerð í einkavæðingu á Íslandi. Forstjóraskipti urðu hjá félaginu í nóvember. Axel Gíslason lét af starfi að eigin ósk og við forstjórastarfinu tók sá sem þetta ritar. Með sameiningu Samvinnuþrygginga og Brunabótafélags Íslands í Vátryggingafélag Íslands hf. fyrir 14 árum síðan var stigið mikilvægt skref í þróun og hagræðingu á íslenskum vátryggingamarkaði. Axel leiddi þetta merkilega starf og hafði því starfað hjá félaginu frá upphafi. Sá mikli fjárhagslegi styrkur sem byggður hefur verið upp í félaginu á undanförunum árum er ekki hvað síst verk Axels. Fyrir það og farsæl störf í þágu félagsins í nær hálfan annan áratug er nú þakkað. Þessi fjárhagslegi styrkur sem félagið býr yfir skapar því ný tækifæri á sviði vátrygginga- og fjármálaþjónustu.

Afkoma síðasta árs var með besta móti. Hagnaður ársins var 734 milljónir króna sem er mun betri afkoma en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun ársins. Hagnaður af rekstri VÍS á undangengnum árum hefur fyrst og fremst verið borinn uppi af fjármálarekstri félagsins. Á því varð hins vegar breyting á síðasta ári því hagnaður af vátryggingarekstri síðasta árs þrefaldaðist frá árinu á undan. Þessi jákvæða afkoma skýrist einkum af því að tjón á síðasta ársfjórðungi liðins árs urðu mun færri en gert hafði verið ráð fyrir. Þrátt fyrir færri tjón eiga margir um sárt að binda eftir slys og manntjón undangengins árs. Fyrir utan hörmuleg slys og mannskaða, ekki síst í umferðinni, urðu fólk og fyrirtæki fyrir gríðarlegu eignatjóni í stórbrunum og skipsköðum. Slysinn og tjónin minna okkur á hversu mikilvægt það er að vera með lifandi og öflugt forvarnarstarf. VÍS hefur verið í fararbroddi á því sviði og hefur markvisst unnið á undanförunum árum að fyrirbyggjandi aðgerðum til að draga úr fjölda og umfangi tjóna og slysa. Fækkun tjóna og slysa er forsenda fyrir því að fólk og fyrirtæki geti séð tryggingariðgjöld sín lækka.

Góður árangur í rekstri fyrirtækisins á liðnu ári er ekki síst góðu starfsfólki að þakka. Því verður starfsfólki greiddur 142.000 króna kaupauki á hvern starfsmann sem greiðist út með hlutabréfum í félaginu. VÍS leggur metnað sinn í að hafa á að skipa vel menntuðu starfsfólki með reynslu og haldgóða þekkingu á vátryggingamálum. Áhersla er lögð á að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu til að geta veitt fyrirmyndarþjónustu á öllum sviðum. Aðalsmerki starfsfólks VÍS er þjónustulipurð, umhyggja og trúnaður.

Öryggi er ein af forsendum þeirra lífsgæða sem fólk leitar eftir í leik og í starfi. Því leggjum við áherslu á fjölbreytt framboð þjónustu á sviði vátrygginga og fjármálaþjónustu þannig að mætt sé þörfum og kröfum einstaklinga, fjölskyldna, fyrirtækja og stofnana. Við leitum því sífellt nýrra leiða og tækifæra til að auka öryggi borgaranna og efla þjónustu félagsins við viðskiptavinum sína. VÍS hefur verið í fararbroddi að bjóða fjölskyldufólki fleiri valkosti í tryggingum bæði hvað verð og vernd varðar. Því höldum við nú áfram með nýrri fjölskylduþryggingu sem félagið mun kynna innan skamms sem hlotið hefur nafnið Festa. Nýja tryggingin er góð og víðtæk fjölskylduþrygging en veitir ekki eins víðtæka vátryggingavernd og F plús enda ódýrari. F plús verður því áfram víðtækasta fjölskylduþryggingin á markaðnum hvað vátryggingavernd varðar og við munum áfram leggja metnað okkar í að svo verði. Með þessari nýju tryggingu verður fjölskylduþryggingaúrval VÍS einstakt hvað varðar fjölbreytileika, verð og vernd. Með þessu erum við að koma til móts við þarfir og greiðslugetu fjölskyldnanna.


Til okkar hafa alltaf verið gerðar ríkar kröfur. Okkur er því umhugað um að geta staðið undir þeim væntingum sem til félagsins eru gerðar. Því leggjum við áherslu á að öll starfsemi félagsins einkennist af áreiðanleika, frumkvæði og sanngirni.

Það eru fjölmargir þættir sem geta haft áhrif á afkomu félags eins og VÍS og þar af leiðandi miklu ráðið um iðgjöldin. Endurtryggingarnar hafa mikil áhrif. Eins og önnur félög dreifir félagið váttryggingaáhættu sinni með endurtryggingasamningum erlendis. Þegar eftir atburðina í Bandaríkjunum 11. september 2001 var ljóst að þeir myndu hafa afgerandi áhrif á váttryggingastarfsemi í heiminum og ekki síst endurtryggingarnar. Þær eignir sem urðu þarna fyrir tjóni voru af þeirri stærð að váttryggingar þeirra voru dreifðar um allan heim og tjónið snerti því alla váttryggingamarkaði. Þetta tjón, sem nú er áætlað yfir 50 milljarða Bandaríkjadala, hafði gífurleg áhrif á flesta endurtryggjendur.

Náttúruhamfarir í Evrópu, eins og flóðin síðla sumars og haust, hafa einnig haft veruleg áhrif á endurtryggjendur. Þessu til viðbótar hafa hlutabréf fallið í verði, bæði austan hafs og vestan og hafa sennilega haft meiri áhrif á rekstur stærstu endurtryggingafélaganna en 11. september hafði. Þessar aðstæður urðu ekki hvað síst til þess að iðgjöld til endurtryggjenda hækkuðu og varð félagið um síðustu áramót að hækka iðgjöld eignatrygginga þó nokkuð. Fyrir utan hækkunina á endurtryggingunum þá hafði hækkunarþörf í eignatryggingum byggst upp á löngum tíma og því var ekki lengur undan því vikist að hækka þær tryggingar. Þrátt fyrir þessa hækkun eru eignatryggingar enn reknar með miklu tapi.

Árið 2002 markar ekki aðeins tímamót í sögu VÍS heldur líka í efnahagsmálum á Íslandi. Á árinu tókst að snúa við þeirri óheillapróun sem verið hafði í efnahagsmálum um skamma hríð. Atvinnulífið, stjórnvöld og verkalýðshreyfingin tóku höndum saman um að kveða niður verðbólguna og skapa þannig betra jafnvægi í þjóðarbúskapnum en verið hafði. Nú er bjartara um að litast í íslensku þjóðlífi en verið hefur um langa hríð því framundan eru mestu framkvæmdir í Íslands-sögunni við uppbyggingu stóriðju á Austurlandi.

Samstarfsfólki þakka ég ánægjulegt samstarf, trúnað við félagið og vel unnin störf á liðnu ári. Viðskiptamönnum félagsins og hluthöfum eru færðar bestu þakkir fyrir ánægjuleg viðskipti og traust á liðnum árum.



Finnur Ingólfsson
forstjóri

REKSTUR

Niðurstaða rekstrarreiknings VÍS varð jákvæð um 733,5 milljónir króna samanborið við 684,5 milljónir króna á árinu 2001. Hagnaður af váttryggingarekstri nam 635,3 milljónum króna eða 8,6% af iðgjöldum ársins á móti 3,5% árið áður. Bókfærð iðgjöld hækkuðu um 6,5% milli ára og námu 7.487,4 milljónum króna. Iðgjöld ársins hækkuðu um 12,7% og námu 7.406 milljónum króna á móti 6.570,9 milljónum króna árið 2001. Eigin iðgjöld ársins hækkuðu um 11,7%. Tjón ársins námu 6.154,6 milljónum króna á móti 6.577,8 milljónum króna árið 2001 og nemur lækunin 6,4%. Reiknaður nettókostnaður af endurtryggingavernd, þ.e. iðgjöld greidd endurtryggjendum að frádreginni þátttöku þeirra í tjónum og umboðslaunum, nam 210,6 milljónum króna eða 2,84% af iðgjöldum ársins samanborið við 0,83% árið áður. Heildar fjárfestingartekjur félagsins námu 1.906 milljónum króna á móti 2.203,9 milljónum króna árið 2001 og lækkuðu því um 13,5%. Hreinn rekstrarkostnaður nam 1.406,3 milljónum króna og hækkaði um 14% frá fyrra ári og nam 22% af eigin iðgjöldum á móti 21,5% árið áður.


EFNAHAGUR

Heildar váttryggingaskuld félagsins nam við árslok 17.943 milljónum króna á móti 17.297 milljónum króna við lok fyrra árs og hækkaði því um 3,7% og er nú 242,3% af iðgjöldum ársins á móti 263,2% við árslok 2001.

Hlutur endurtryggjenda í váttryggingaskuld nam við árslok 892,6 milljónum króna eða 5% af váttryggingaskuld samanborið við 5,3% við lok fyrra árs.


Samkvæmt þessu nam eigin váttryggingaskuld 17.050,4 milljónum króna á móti 16.374 milljónum króna við lok fyrra árs og hefur því hækkað um 4,1% á árinu. Hlutfall eigin váttryggingaskuldar er nú 266,5% af eigin iðgjöldum á móti 285,7% við árslok 2001. Eigin tjónaskuld nam 13.247 milljónum króna á móti 12.599 milljónum króna við lok fyrra árs. Kröfur námu 3.001,9 milljónum króna á móti 2.764,8 milljónum króna við lok fyrra árs og viðskiptaskuldir 643,3 milljónum króna í samanburði við 476,2 milljónir króna í árslok 2001. Fjárfestingar námu 17.457,3 milljónum króna við árslok samanborið við 17.083,8 milljónir króna við lok fyrra árs. Aðrar eignir námu 2.521 milljónum króna samanborið við 1.665,3 milljónir króna í árslok 2001. Nafnverð hlutafjár félagsins er nú 538,8 milljónir króna og bókfært eigið fé 4.568,9 milljónir króna samanborið við 4.090,3 milljónir króna í lok ársins 2001 og hefur því hækkað um 478,6 milljónir króna eða 11,7% og nemur nú 71,4% af eigin iðgjöldum og er sama hlutfall og árið áður.

HAGNAÐUR



Hagnaður eftir skatta (Fjárhæðir í þús. króna)

EIGIÐ FÉ



(Fjárhæðir í þús. króna)



EIGNATRYGGINGAR

Iðgjöld ársins námu 1.730,9 milljónum króna og hækkuðu um 14,6% frá fyrra ári en eigin iðgjöld hækkuðu um 15,8%. Hluttur eignatrygginga var 23,5% af iðgjöldum frumtrygginga félagsins á móti 23,1% árið áður.

Tjón ársins námu 1.525,7 milljónum króna eða 88,1% af iðgjöldum ársins og hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum 99,6%. Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útjöfnunarskuld, þá er váttryggingaleg niðurstaða neikvæð um 148,9 milljónir króna eða 8,6% af iðgjöldum ársins.

SJÓTRYGGINGAR

Iðgjöld ársins námu 254,7 milljónum króna og lækkuðu um 1,3% frá fyrra ári og eigin iðgjöld um 16,1%.

Hluttur sjótrygginga var 3,5% af iðgjöldum frumtrygginga félagsins á móti 3,9% árið áður.


Tjón ársins námu 155,4 milljónum króna eða 61% af iðgjöldum ársins en hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum 100,9%. Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útjöfnunarskuld, þá er váttryggingaleg niðurstaða neikvæð um 7,4 milljónir króna eða 2,9% af iðgjöldum ársins.

LÖGBODNAR ÖKUTÆKJATRYGGINGAR


Iðgjöld ársins námu 3.081,6 milljónum króna og hækkuðu um 11,4% frá fyrra ári og eigin iðgjöld um 10,7%.

Hluttur lögboðinna ökutækjatrýgginga var 41,8% af iðgjöldum frumtrygginga félagsins á móti 42,3% árið áður. Tjón ársins námu 2.711,8 milljónum króna eða 88% af iðgjöldum ársins og hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum 87,7%. Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útjöfnunarskuld, þá er váttryggingaleg niðurstaða jákvæð um 482,5 milljónir króna eða 15,7% af iðgjöldum ársins.

IÐGÖLD ÁRSINS 2002



TJÓN ÁRSINS 2002



FRJÁLSAR ÖKUTÆKJATRYGGINGAR

Iðgjöld ársins námu 1.052,9 milljónum króna og hækkuðu um 9,3% frá fyrra ári og eigin iðgjöld um 8,7%.

Hluttur frjálsra ökutækjatrýgginga var 14,3% af iðgjöldum frumtrygginga félagsins á móti 14,7% árið áður.

Tjón ársins námu 780,3 milljónum króna eða 74,1% af iðgjöldum ársins og hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum 75,3%. Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útjöfnunarskuld, þá er váttryggingaleg niðurstaða jákvæð um 84,3 milljónir króna eða 8% af iðgjöldum ársins.

ALMENNAR ÁBYRGÐARTRYGGINGAR ÁSAMT STARFS-ÁBYRGÐARTRYGGINGUM

Iðgjöld ársins námu 514,9 milljónum króna og hækkuðu um 22,7% frá fyrra ári og eigin iðgjöld um 22,1%. Hluttur almennra ábyrgðartrygginga var 7% af iðgjöldum frumtrygginga félagsins á móti 6,4% árið áður.

Tjón ársins námu 319,3 milljónum króna eða 62% af iðgjöldum ársins og hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum 66,2%. Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útjöfnunarskuld, þá er váttryggingaleg niðurstaða jákvæð um 123 milljónir króna eða 23,9% af iðgjöldum ársins.

SLYSA- OG SJÚKRATRYGGINGAR

Iðgjöld ársins námu 738,1 milljón króna og hækkuðu um 18,2% frá fyrra ári og eigin iðgjöld um 15,3%.

Hluttur slysa- og sjúkratrygginga var 10% af iðgjöldum frumtrygginga félagsins á móti 9,6% árið áður. Tjón ársins námu 643,2 milljónum króna eða 87,1% af iðgjöldum ársins og hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum 87,3%.

Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útjöfnunarskuld, þá er váttryggingaleg niðurstaða jákvæð um 90,5 milljónir króna eða 12,3% af iðgjöldum ársins.


INN-ENDURTRYGGINGAR

Iðgjöld ársins námu 33 milljónum króna og hækkuðu um 16,2% frá fyrra ári.

Hluttur inn-endurtrygginga var 0,4% af heildariðgjöldum félagsins sem er sama hlutfall og árið áður.


Tjón ársins námu 19,1 milljón króna eða 57,9% af iðgjöldum ársins og hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum var hið sama. Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útjöfnunarskuld, þá er váttryggingaleg niðurstaða jákvæð um 11,4 milljónir króna eða 34,6% af iðgjöldum ársins.

HEILDARIÐGJÖLD OG TJÓN 2002




(Fjárhæðir í þús. króna)

IÐGJALDA- OG TJÓNAYFIRLIT



(Fjárhæðir í þús. króna)

TJÓN AHLUTFALL



ENDURTRYGGINGAR

Hlutur endurtryggjenda í iðgjöldum ársins nam 1.008 milljónum króna eða 13,6% sem þýðir að 86,4% iðgjalda var haldið fyrir eigin reikning. Samsvarandi hlutföll ársins 2001 voru 12,8% og 87,2%.


Þátttaka endurtryggjenda í tjónum nam 636 milljónum króna eða 10,3% og einnig greiddu þeir félaginu 161,5 milljónir króna í umboðslaun. Nettókostnaður af endurtryggingavernd félagsins nam því 210,6 milljónum króna eða sem svarar 2,84% af iðgjöldum ársins samanborið við 0,83% árið 2001.

Eins og við var búist gætir enn áhrifa atburðanna í Bandaríkjunum 11. september 2001 á endurtryggingamarkaðina, sem birtast ekki aðeins í hækkun iðgjalda, heldur einnig í meiri varfærni en áður þegar um er að ræða stórar áhættur, t.d. í eignatryggingum þegar verðmæti fara yfir sem svarar 50 milljónum evra. Það er sífellt erfiðara að innifela afleiðingar hryðjuverka þegar um slíkar áhættur er að ræða nema gegn háum iðgjöldum og aðeins að mjög takmörkuðu leyti. Samfara niðursveiflum á fjármálamörkuðum gera endurtryggjendur auknar kröfur um arðsemi þeirra viðskipta sem þeir fá frá tryggingafélögum en það hefur skort verulega á það hin síðari ár og þess vegna m.a. hefur endurtryggjendum fækkað og samþjöppun aukist.

Sem dæmi um aukna samþjöppun má nefna að á síðustu tveimur árum hafa tvö stór endurtryggingafélög hætt starfsemi, annað þeirra eitt af sjö stærstu í heiminum. Nú er rætt um að tvö af þeim stærstu muni sameinast vegna mikils tapresturs annars þeirra.


Þrátt fyrir þetta tókst VÍS að endurnýja endurtryggingasamninga sína að mestu í óbreyttu formi, þó svo að iðgjöld hækkuðu á nokkrum samningum. Ber að þakka það fyrst og fremst góðri og langri samvinnu við sömu aðila, trausta og vandaða endurtryggjendur og miðlara, bæði á meginlandi Evrópu, en ekki hvað síst á Lundúnamarkaði.

KOSTNAÐARHLUTFALL




Hreinn rekstrarkostnaður í % af eigin iðgjöldum

EIGIN VÁTRYGGINGASKULD / EIGIN IÐGJÖLD



FJÁRFESTINGARTEKJUR



(Fjárhæðir í þús. króna)

STARFSMANNAMÁL

Alls störfuðu 198 manns í heilsársstörfum hjá VÍS árið 2002 auk þess sem 5 stöðugildi voru alfarið tileinkuð starfsemi Líffís. Það er fækkun um eitt stöðugildi frá fyrra ári.

VÍS SKRÁÐ Á MARKAÐ

Á árinu 2002 urðu merk tímamót í rekstri VÍS þegar viðskipti hófust með bréf félagsins í Kauphöll Íslands. Þann 12. júlí síðastliðinn voru bréf félagsins skráð á Tilboðsmarkaði Kauphallar Íslands. Þetta var fyrsta skref í áætlunum eigenda félagsins að skrá félagið á aðal-lista Kauphallarinnar og er stefnt að því um mitt ár 2003.

FINNUR INGÓLFSSON RÁÐINN FORSTJÓRI

Breytingar urðu á yfirstjórn VÍS og lét Axel Gíslason af störfum eftir 14 ára farsælt starf sem forstjóri félagsins. Finnur Ingólfsson, bankastjóri Seðlabanka Íslands, var ráðinn forstjóri og kom hann til starfa 1. nóvember. Talsverðar breytingar urðu á eigendahóp VÍS þegar Landsbanki Íslands seldi hlutbréf til hóps fjárfesta og minnkaði þar með hlut sinn verulega í félaginu. Í kjölfar þess tók Þórólfur Gíslason við stjórnarformennsku í félaginu af Kjartani Gunnarssyni.

Ólafur Jónsson var ráðinn framkvæmdastjóri Upplýsingatækni- og viðgerðisviðs í stað Jóns Árna Bragasonar sem lét af störfum hjá félaginu.

CABAS KERFI

Í maí 2002 tók VÍS í notkun hugbúnað til að meta viðgerðarkostnað á ökutækjum. Hugbúnaðurinn ber nafnið CABAS og er hannaður og þróaður af fyrirtækinu Consulting AB í Svíþjóð. CABAS kerfið einfaldar og auðveldar mat og viðgerðir á ökutækjum sem lent hafa í tjóni. Nú fara tjónþolar beint á verkstæði sem er með CABAS búnað og þar er framkvæmd skoðun sem verður að viðgerðaráætlun sem send er til VÍS til samþykktar. Þegar samþykki hefur borist frá VÍS á rafrænan hátt er hægt að hefja viðgerð. Áður þurftu tjónþolar að fara fyrst í skoðunarstöð VÍS og síðan á verkstæði. Með upptöku CABAS kerfisins gefst VÍS möguleiki á að hagræða enn frekar hvað varðar heildaruppgjör ökutækjatjóna og viðskiptavinurinn fær þægilegri og fljótlegri þjónustu.

5000 UNGIR ÖKUMENN Á UMFERÐARFUNDUM VÍS

Í samræmi við stefnu VÍS um að leggja ríka áherslu á forvarnir var forvarnarstarf VÍS viðamikilið eins og undanfarin ár. VÍS hélt 160 umferðarfundi, um afleiðingar umferðarslysa, um allt land þar sem um 5.000 ungumenni mættu. Eftir var til þjóðaráttaks VÍS gegn umferðarslysum yfir sumarmánuðina og var límmiðum dreift í bíla á bensínstöðvum ESSO. Um var að ræða tíu umferðarheit sem birtust vikulega í fjölmiðlum til þess að hvetja vegfarendur til bættrar hegðunar í umferð-

inni. Mikill velvilji var í garð þessa átaks og meðal þeirra sem lögðu sitt af mörkum voru biskup Íslands, ráðherra, alþingismenn og fleiri þjóðþekktir Íslendingar. Átakið vakti mikla athygli og var auglýsing úr áttakinu tilnefnd til verðlauna sem athyglisverðasta auglýsing ársins í flokki dagblaðaauglýsinga.

Það er mat þeirra sem starfa að forvörnum hjá félaginu að átakið hafi skilað góðum árangri og leitt til fækkunar á slysum.

Þrátt fyrir öflugt forvarnarstarf VÍS og fleiri aðila þá létust 29 einstaklingar í umferðarslysum á síðastliðnu ári. Flest banaslysanna urðu á þjóðvegum landsins og þó að forvarnarstarf sé öflugt er uppbygging á góðu vegakerfi og sýnileg löggæsla áhrifaríkustu leiðirnar til að bæta umferðaröryggi.

Öryggisverslun VÍS naut vaxandi vinsælda á árinu og nýttu fjölmargir viðskiptavinir sér það að kaupa öryggisvörur á hagstæðu verði og fá auk þess vörurnar sendar heim sér að kostnaðarlausu. Öryggisverslun VÍS er starfrækt í samvinnu við Öryggismiðstöð Íslands og hefur samstarf félaganna verið afar farsælt og skilar báðum félögum ávinningi.

SKILVIRKNI ÞJÓNUSTUSKRIFSTOFA VÍS AUKIÐ

Áfram var unnið að því að gera þjónustunet VÍS skilvirkara og hagkvæmara í rekstri og liður í því var að viðnet félagsins var aukið og styrkt og eru nú allar þjónustuskrifstofur með öflugar tengingar við höfuðstöðvar VÍS. Þá var á árinu unnið skipulega að því að bæta upplýsingakerfi félagsins með það að markmiði að auka sjálfvirkni og úrvinnslu upplýsinga.

GÆÐAMÁL

Á árinu 2001 var byrjað að vinna skipulega að gæðamálum innan VÍS. Á árinu 2002 var áframhald á gæðastarfi VÍS og 3 verkefnum var lokið á árinu og um áramót voru 4 verkefni í vinnslu. Þá var unnið sérstaklega í því að samræma vinnubrögð og verkferla á þjónustuskrifstofum félagsins, í því skyni að tryggja samfelld gæði í þjónustu.

25.000 HEIMILI MEÐ F PLÚS TRYGGINGU

Árangur í sölu fjölskyldutrygginga varð mjög góður og er fjöldi heimila með F plús víðtæku fjölskyldutrygginguna nú orðinn rúmlega 25 þúsund, sem er merkur áfangi. Auk þessa eru 13 þúsund heimili með aðrar fjölskyldu- og heimilistryggingar hjá VÍS og má áætla að rúmlega 100 þúsund einstaklingar njóti nú verndar í fjölskyldutryggingum hjá VÍS.



FÆKKUN ÓHAPPA OG SLYSA VEGNA HAGSTÆÐS TÍÐARFARS

Umferðarslysum og óhöppum fækkaði talsvert á síðasta fjórðungi ársins og má rekja það til einstaklega góðs tíðarfars og hagstæðra skilyrða í umferðinni. Afkoma ársins í ökutækjatrýggingum endurspeglast í þessari þróun.

FJÖLGUN BRUNATJÓNA

Nokkrir stórir brunar voru á árinu og má meðal annars nefna stórbruna í Faxafeni og á Laugavegi. Þróunin hefur verið sú undanfarin ár að kostnaður vegna stórbruna hefur farið vaxandi. Það er áætlað að kostnaður tryggingafélaga á Íslandi vegna stórbruna síðustu tveggja ára sé á þriðja milljarð króna. Einnig hefur borið á nokkurs konar „íkveikjufaraldri“ þar sem kveikt hefur verið í ruslafötum og fleiri hlutum. Þetta hefur valdið talsverðri fjölgun brunatjóna og sum hver hafa verið mjög kostnaðarsöm.

BREYTINGAR Á IÐGJÖLDUM

Í febrúar 2002 lækkaði VÍS iðgjöld bifreiðatrygginga og fjölskyldutrygginga. Lækkun þessi var liður í baráttu ASÍ, stjórnvalda og annarra aðila vinnumarkaðarins við að halda verðbólgu innan svokallaðra „rauðra strika“ sem skilgreind höfðu verið í samningum aðila vinnumarkaðarins.

Um síðustu áramót voru iðgjöld eignatrygginga hækkuð. Ástæðan var hækkun tjónakostnaðar vegna bruna- og vatnstjóna og á sama tíma versnandi kjör félagsins á endurtryggingamarkaði.

KAUP Á HLUT Í BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS

Í nóvember var undirritað samkomulag þess efnis að VÍS ásamt Eglu ehf., Eignarhaldsfélaginu Samvinnu-tryggingar og Samvinnulífeyrissjóðnum keyptu 45,8% hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands. Söluverð var rúmlega 12 milljarðar króna og er hlutur VÍS 1.570 milljónir samanlagt. Gengið var formlega frá kaupunum í ársbyrjun 2003. Það er mat stjórnenda VÍS að kaupin hafi jákvæð áhrif á starfsemi VÍS. Búnaðarbankinn er öflug fjármálastofnun í farsælum rekstri með hæft og gott starfsfólk. Ennfremur er bankinn álitlegur fjárfestingarkostur sem skapar VÍS margvísleg sóknarfæri á næstu árum, bæði til meiri og betri þjónustu við almenning og fyrirtæki, en jafnframt til umsköpunar á íslenskum fjármálamarkaði.

LÍFTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF. - LÍFÍS -

Rekstur Lífís gekk vel á árinu 2002. Sem fyrr sá VÍS um rekstur Lífís og hafa félögin náði samband um váttryggingaframboð og þjónustu til viðskiptavina. Veruleg söluaukning varð á líf- og sjúkdómatryggingum en þó sérstaklega sjúkdómatryggingum. Átak var gert í sölu trygginga í útibúum Landsbankans og skilaði það góðum árangri. Stefnt er að því að auka sölu í útibúnum enn frekar. Bókfærð iðgjöld Lífís á árinu námu 560 milljónum kr. sem er rúmlega 10% aukning frá fyrra ári og var afkoman góð. Heildareignir Lífís í árslok 2002 námu 2.700 milljónum kr. og eigið fé er 772 milljónir kr. Eignarhlutur VÍS í Lífís er 25%. Aðrir eigendur eru Eignarhaldsfélagið Andvaka með 25% og Landsbanki Íslands með 50% hlut.

Félagið starfar á sviði váttrygginga og fjármála. Á árinu 2002 störfuðu 198 starfsmenn hjá félaginu miðað við heilsársstörf. Þjónustuskrifstofur VÍS víðsvegar um landið voru í árslok 60 talsins.

Bókfærð iðgjöld námu 7.487,4 millj. kr. á árinu samkvæmt rekstrarreikningi. Hagnaður af váttryggingarekstri nam 635,3 millj. kr. en hagnaður af fjármálarekstri 354,1 millj. kr. Hagnaður ársins nam 733,5 millj. kr. Eignir félagsins námu 23.968,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi og eigið fé í árslok nam 4.568,9 millj. kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 538,8 millj. kr.

Félagið hefur veitt starfsmönnum sínum kauprétt að hlutabréfum í félaginu. Í árslok 2002 nemur árlegur kaupréttur fastráð-inna starfsmanna samtals 3.348 þús. kr. að nafnverði á genginu 20 og 21 sem er nýtanlegur á árunum 2003 til 2005. Auk þess hafa stjórn og stjórnendur félagsins árlegan kauprétt á hlutabréfum í félaginu að nafnverði samtals 3.363 þús. kr. á genginu 20 til 22, sem er nýtanlegur á árunum 2003 til 2005. Félagið mun gefa út nýtt hlutafé eða kaupa hlutabréf á markaði til að efna kaupréttarsamningana.

Í árslok nam hlutafé félagsins 538,8 millj. kr. og hluthafar voru 362 talsins, þar af átta fjórir hluthafar yfir 10% eignarhluta í félaginu en þeir eru:

	Eignarhluti
Eignarhaldsfélagið Hesteyri ehf., Sauðárkróki	24,9%
Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, Reykjavík.....	22,7%
Landsbanki Íslands hf., Reykjavík	22,5%
Samvinnulífeyrissjóðurinn, Reykjavík	11,2%

Stjórn félagsins leggur til að greiddar verði 310 millj. kr. í arð til hluthafa, en vísað er til ársreikningsins um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn Váttryggingafélags Íslands hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. mars 2003.

Stjórn:

Þórólfur Gíslason, formaður

Eiríkur Tómasson	Guðsteinn Einarsson
Ólafur Ólafsson	Óskar H. Gunnarsson
Sigurður Markússon	Helgi Jóhannesson

Forstjóri:

Finnur Ingólfsson

Til stjórnar og hluthafa í Vátryggingafélagi Íslands hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Vátryggingafélags Íslands hf. fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 45. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2002, efnahag þess 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 10. mars 2003.

KPMG Endurskoðun hf.

Ólafur Nilsson

Margrét Guðjónsdóttir

TEKJUR OG GJÖLD AF VÁTRYGGINGAREKSTRI:	Skýr.	2002	2001
Iðgjöld:			
Bókfærð iðgjöld		7.487.361.915	7.032.521.731
Hluti endurtryggjenda		(1.052.349.342)	(888.070.076)
Breyting á iðgjaldaskuld	2	(81.400.000)	(461.600.000)
Breyting á hluta endurtryggjenda		44.300.000	47.300.000
Eigin iðgjöld		<u>6.397.912.573</u>	<u>5.730.151.655</u>
Fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri	13	1.164.650.000	1.611.363.000
Tjón:			
Bókfærð tjón	16	(5.581.172.552)	(4.937.902.907)
Hluti endurtryggjenda		710.679.361	613.398.338
Breyting á tjónaskuld	3,16	(573.407.372)	(1.639.874.150)
Breyting á hluta endurtryggjenda		(74.700.000)	19.950.000
Eigin tjón		<u>(5.518.600.563)</u>	<u>(5.944.428.719)</u>
Ágóðahlutdeild og afsláttur að frádregnum hluta endurtryggjenda		(2.333.458)	(15.825.729)
Rekstrarkostnaður:			
Sölu- og rekstrarkostnaður		(560.857.118)	(526.152.277)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(1.006.929.000)	(859.500.000)
Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum		161.458.167	152.421.720
Hreinn rekstrarkostnaður		<u>(1.406.327.951)</u>	<u>(1.233.230.557)</u>
Breyting á útföfnunarskuld	4	0	81.000.000
Hagnaður af vátryggingarekstri	14	<u>635.300.601</u>	<u>229.029.650</u>
TEKJUR OG GJÖLD AF FJÁRMÁLAREKSTRI:			
Fjárfestingartekjur:			
Tekjur af dóttur- og hlutdeildarfélagum	7,26	55.235.356	157.434.765
Tekjur af öðrum eignarhlutum		70.296.246	45.519.131
(Tap) hagnaður af rekstri húseigna og lóða	17	(28.254.909)	10.473.725
Vaxtatekjur og gengismunur	18	1.154.229.824	1.971.884.759
Hagnaður af sölu fjárfestinga		654.459.782	18.634.482
Fjárfestingartekjur		<u>1.905.966.299</u>	<u>2.203.946.862</u>
Fjárfestingargjöld:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(104.165.000)	(89.805.000)
Vaxtagjöld		(2.146.726)	(40.445.646)
Gjöld vegna matsbreytinga á fjárfestingum	8,32	(280.897.580)	(203.982.064)
Fjárfestingargjöld		<u>(387.209.306)</u>	<u>(334.232.710)</u>
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga		0	106.907.000
Fjárfestingartekjur yfirfærðar á vátryggingarekstur		<u>(1.164.650.000)</u>	<u>(1.611.363.000)</u>
Hagnaður af fjármálarekstri		<u>354.106.993</u>	<u>365.258.152</u>
AÐRAR TEKJUR OG GJÖLD AF REGLULEGRI STARFSEMI:			
Aðrar tekjur		36.939.556	33.718.096
Önnur gjöld	8,32	(147.989.914)	(70.441.912)
Önnur gjöld af reglulegri starfsemi		<u>(111.050.358)</u>	<u>(36.723.816)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt og eignarskatt		878.357.236	557.563.986
Tekjuskattur og eignarskattur		(144.817.149)	126.930.552
Hagnaður ársins	12,35	<u>733.540.087</u>	<u>684.494.538</u>



EIGNIR	Skýr.	2002	2001
Fjárfestingar:			
Húseignir og lóðir	6,21-23	561.272.744	585.664.606
Dóttur- og hlutdeildarfélag:			
Hlutir í dótturfélögum	7,24,26	18.569.086	38.133.549
Lán til dótturfélaga		7.870.948	10.249.875
Hlutir í hlutdeildarfélagum	7,25,26	635.329.406	766.446.736
		<u>661.769.440</u>	<u>814.830.160</u>
Aðrar fjárfestingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum	27-29	6.757.603.132	6.296.076.573
Verðbréf með föstum tekjum	30	5.601.218.013	5.259.501.584
Veðlán	31	3.750.561.560	3.988.736.023
Önnur útlán		124.881.095	138.991.031
		<u>16.234.263.800</u>	<u>15.683.305.211</u>
	Fjárfestingar	<u>17.457.305.984</u>	<u>17.083.799.977</u>
Hluti endurtryggjenda í váttryggingaskuld:			
Iðgjaldaskuld		289.300.000	245.000.000
Tjónaskuld		603.300.000	678.000.000
	Hluti endurtryggjenda í váttryggingaskuld	<u>892.600.000</u>	<u>923.000.000</u>
Kröfur:			
Kröfur á dóttur- og hlutdeildarfélag		304.235.202	80.844.026
Kröfur vegna frumtryggingastarfsemi, váttryggingatakar		2.251.243.451	2.169.280.751
Kröfur vegna endurtryggingastarfsemi		432.398.620	423.860.417
Aðrar kröfur		13.997.579	90.789.939
	Kröfur 32	<u>3.001.874.852</u>	<u>2.764.775.133</u>
Aðrar eignir:			
Rekstrarfjármunir	6,33	119.511.364	135.114.997
Sjóður og bankainnstæður	9	2.401.534.341	1.530.195.903
	Aðrar eignir	<u>2.521.045.705</u>	<u>1.665.310.900</u>
Fyrirframgreiddur kostnaður og áfallnar tekjur:			
Áfallnir vextir		47.134.702	44.939.799
Fyrirframgreiddur kostnaður		48.085.707	31.756.770
	Fyrirframgreiddur kostnaður og áfallnar tekjur	<u>95.220.409</u>	<u>76.696.569</u>
	Eignir samtals	<u>23.968.046.950</u>	<u>22.513.582.579</u>

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR	Skýr.	2002	2001
Eigið fé:			
Hlutafé	34	538.782.743	539.454.040
Lögbundinn varasjóður		420.488.556	439.249.836
Áunninn kaupréttur		15.015.668	0
Óráðstafað eigið fé		3.594.564.127	3.111.580.364
Eigið fé	35-36	<u>4.568.851.094</u>	<u>4.090.284.240</u>
Vátryggingaskuld:			
Iðgjaldaskuld	2	3.395.200.000	3.313.800.000
Tjónaskuld	3,16	13.850.251.327	13.276.843.955
Útjöfnunarskuld	4	684.000.000	684.000.000
Ágóðaskuld		13.500.000	22.336.794
Vátryggingaskuld		<u>17.942.951.327</u>	<u>17.296.980.749</u>
Aðrar skuldbindingar:			
Skattskuldbinding	39	341.532.242	241.072.769
Eftirlaunaskuldbinding	37	53.613.306	0
Aðrar skuldbindingar		<u>395.145.548</u>	<u>241.072.769</u>
Viðskiptaskuldir:			
Skuldir vegna frumtryggingastarfsemi		174.728.223	134.773.795
Skuldir vegna endurtryggingastarfsemi		347.768.695	300.776.429
Skuldir við lánastofnanir	42	4.814.469	7.847.555
Aðrar skuldir		115.957.879	32.802.358
Viðskiptaskuldir		<u>643.269.266</u>	<u>476.200.137</u>
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	40	417.829.715	409.044.684

Rekstrarhreyfingar:	Skýr.	2002	2001
Hagnaður ársins		733.540.087	684.494.538
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir og niðurfærsla eigna		368.079.611	288.182.874
Verðbætur af verðbréfaeign og skuldum	(162.360.740)	(662.924.376)
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfélagum	(55.235.356)	(157.434.765)
Hækkun eigin váttryggingaskuldar		676.370.578	1.957.554.272
Hagnaður af sölu eigna	(654.459.780)	(18.634.482)
Tekjuskattsskuldbinding, breyting		100.459.473	(97.758.533)
Aðrir liðir, breyting		68.628.974	(106.907.000)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(76.736.313)	(591.405.252)
Handbært fé frá rekstri		<u>998.286.534</u>	<u>1.295.167.276</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í húseignum og lóðum	21	(21.749.347)	0
Sala húseigna og lóða	21	37.563.873	7.350.000
Fjárfesting í eignarhlutum í félögum	24-28	(864.480.441)	(1.541.221.093)
Sala eignarhluta í félögum	24-28	1.583.187.384	1.745.190.915
Önnur verðbréf, breyting		(525.830.468)	(286.032.303)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	33	(52.760.213)	(131.030.899)
Sala rekstrarfjármuna	33	9.325.789	202.500
Fjárfestingarhreyfingar		<u>165.256.577</u>	<u>(205.540.880)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Geymslufé, lækkun		0	(25.014.897)
Innborgað hlutafé		0	122.930.800
Keypt eigin hlutabréf		(19.432.577)	0
Greiddur arður	35	(269.739.011)	(133.326.875)
Afborganir lána		(3.033.085)	(3.019.242)
Bankalán, lækkun		0	(239.268.181)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(292.204.673)</u>	<u>(277.698.395)</u>
Hækkun á handbæru fé		871.338.438	811.928.001
Handbært fé í ársbyrjun		<u>1.530.195.903</u>	<u>718.267.902</u>
Handbært fé í árslok		<u>2.401.534.341</u>	<u>1.530.195.903</u>

REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður að öðru leyti en því sem fram kemur í skýringu 11 um niðurfellingu verðleiðréttra reikningsskila.
2. Iðgjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar váttryggingaráhættu á árinu, sem tilheyrir næsta reikningsári. Tekjufærð iðgjöld í rekstrarreikningi eru þau iðgjöld sem féllu til á reikningsárinu að viðbættum yfirfærðum iðgjöldum frá fyrra ári en að frádregnum iðgjöldum til næsta árs sem færast sem iðgjaldaskuld.
3. Tjónaskuld í efnahagsreikningi er heildarfjárhæð orðinna en óuppgerðra tjóna auk tryggingafræðilegrar áætlunar fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum. Gjaldfærð tjón í rekstrarreikningi eru tjón ársins ásamt hækkun eða lækkun vegna tjóna fyrri reikningsára sbr. skýringu 16.
4. Útjöfnunarskuld er sú fjárhæð sem lögð er til hliðar til að mæta sveiflum frá ári til árs í tjónareynslu félagsins og vegna óvissu um endanlegar bótafjárhæðir, innan þeirra marka sem kveðið er á um í reglum Fjármálaeftirlitsins.

Erlendir gjaldmiðlar

5. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Dóttur- og hlutdeildarfélög

7. Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar í bókfærðu eigin fé þeirra. Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga er færð til tekna í rekstrarreikningi, sbr. skýringar 24 og 25.

Skammtímakröfur og verðbréf

8. Skammtímakröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í taphættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

Handbært fé

9. Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Tekjuskattsskuldbinding

10. Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um

að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi og matsverð eignarhluta í öðrum félögum er mun hærra en skattverð þeirra.

Tekjuskattur á hagnað eða tap ársins innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki að hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé, en þá er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutföll. Tekið er tillit til leiðréttinga vegna fyrri ára.

BREYTINGAR Á REIKNINGSSKILAAÐFERÐUM

Niðurfelling verðleiðréttra reikningsskila

- 11. Í samræmi við lög sem samþykkt voru á Alþingi í lok árs 2001 hefur félagið hætt að verðleiðrétta reikningsskilin. Ekki eru lengur færð áhrif verðlagsbreytinga í rekstrarreikning félagsins. Eignir sem áður voru endurmetnar miðað við breytingu á neysluverðsvisitölu eru nú færðar á kostnaðarverði í bókhaldi félagsins. Áhrif þessa á rekstrarreikning eru þau að niðurstaða rekstrarins er ekki á meðalverðlagi ársins og framangreindar eignir eru ekki færðar á verðlagi í lok ársins eins og áður var. Ef beitt hefði verið sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári hefði hagnaður ársins orðið 25,9 millj. kr. hærri. Eigið fé í árslok er 115,4 millj. kr. lægra en verið hefði miðað við óbreyttar aðferðir.

Í samræmi við alþjóðlegar reglur um breytingar úr verðleiðréttum reikningsskilum í óverðleiðréttt er samanburðarfjárhæðum í reikningnum ekki breytt.

ÁRSFJÓRÐUNGAYFIRLIT

